SAMÞYKKT

um byggðamerki Torfalækjarhrepps.



1. gr.

Byggðamerki Torfalækjarhrepps skal vera skjöldur í hvítri og svartri umgjörð með fjórum innbyggðum litum. Blái liturinn er litur himins, fjarlægðar og vatns. Grænn litur táknar samfellda gróðurtorfu sveitarinnar, sem vísar til Kolkumýra sem nefndar voru eftir landnámsmanninum Þorbirni kolku.

Í merkinu eru þrjú tákn, sem tengjast sveitinni. Reykjanibba sýnd með hvítri línu. Gullsteinn í svörtum lit og stökkvandi lax í hvítum lit. Við Gullstein tók Koðrán bóndi á Stóru-Giljá fyrstur Íslendinga kristna trú, af syni sínum Þorvaldi víðförla og Friðriki biskup af Saxlandi árið 981.

2. gr.

Sveitarstjórn Torfalækjarhrepps, oddvitinn og stofnanir hreppsins nota skjaldarmerkið með embættis- og skrifstofuheitum eða nafni stofnunarinnar á bréfum og í prentuðu máli þar sem það á við, svo og í stimplum.

3. gr.

Notkun á byggðarmerki Torfalækjarhrepps er óheimil án leyfis sveitarstjórnar Torfalækjarhrepps, sbr. 29. gr. laga nr. 8/1993. Ekki er heimilt að breyta út af samþykktri gerð merkisins, sbr. meðfylgjandi teikningu nema í svart-hvítri útgáfu. Óheimilt er að hafa merkið í firmamerkjum og nota það til stjórnmálaáróðurs.

4. gr.

Svart-hvíta útgáfu má einungis nota við bóka- og blaðaprentun og er hún heimil án sérstaks leyfis. Í svart-hvítri útgáfu er blár flötur táknaður með láréttum línum, en grænn litur með lóðréttum línum. (Línurnar falla þó burt í minnstu gerð.) Við útgáfu minjagripa og myntsláttu er heimilt að falla frá litatáknum merkisins og útlínum skjaldarins.

5. gr.

Umsókn um leyfi til þess að nota byggðarmerki hreppsins skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn og uppdrættir af merkinu eins og það á að nota. Skrifstofa oddvita Torfalækjarhrepps leiðbeinir um gerð merkisins og varðveitir sýnishorn af því.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Torfalækjarhrepps hefur gert, staðfestist hér með, sbr. 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. apríl 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Anna G. Björnsdóttir.